

***BORGARRÁÐ 26. mars 2020: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að innheimta gjalda vegna skóla- og frístundavistar barna verði frestað vegna COVID-19 - R20030237***

Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur til að ákveðið verði að innheimta ekki gjöld fyrir skóla- eða frístundavist eða nokkuð annað sem börn hafa ekki getað mætt í að fullu vegna komu Covid-19. Borgarfulltrúi telur að skóla- og frístundayfirvöld borgarinnar eigi að taka sjálfstæða ákvörðun um að innheimta ekki gjöld fyrir skóla- eða frístundavist án tillits til hvaða álit eða skoðun Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu hafa á því eða önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu ef því er að skipta. Reykjavíkurborg er stærsta sveitarfélagið og eiga yfirvöld að hafa kjark til að ríða á vaðið með ákvörðun eins og þessa og gefa þar með gott fordæmi. Börn eru ekki að fullnýta pláss sín vegna samkomubanns. Í leikskólum er tekið á móti helming barna á hverri deild daglega og barn kemur í leikskólann tvo daga aðra vikuna og þrjá daga hina. Borgarfulltrúa finnst Reykjavík oft vera ansi háð álit og handleiðslu Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu þegar kemur að mikilvægum málum sem varða borgarbúa. Vel kann að vera að málið sé flókið í útfærslu en það á varla að hindra yfirvöld að gera það eina sem rétt er í þessum efnum.